

Tillaga fulltrúa Flokks fólksins um útgáfu bæklingis um framlag eldri borgara til samfélagsins, lögð fyrir velferðarráð 21. ágúst 2019.

Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur til að velferðarráð og svið beiti sér fyrir að gerður verði bæklingur um framlag eldri borgara til samfélagsins af þeirri einföldu ástæðu að oft eru verk þeirra gleymd. Minnst má á ýmis verk eldri borgara, hannyrðir og þjón og hjálp þeirra við börn sem glíma við námserfiðleika og svo mætti lengi telja. Þessara verka er hvergi getið. Í janúar 2006 óskaði Félag eldri borgara í Reykjavík eftir því við Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands að kannað yrði framlag eldri borgara til samfélagsins. Í ljós kom í könnunni að framlag þeirra er margþætt og má nefna barnagæslu og alls kyns stuðning við afkomendur sem og styrki til þátttöku í tómsundastarfi, námskeiðum og til góðgerðamála. Staða ungs fólks, barnafólks sem ekki hefur stuðning foreldra/afa og ömmu ýmist vegna fjarlægðar eða vegna þess að þeirra nýtur ekki lengur við er mun erfiðari en þeirra sem njóta návistar og stuðnings eldri borgaranna í fjölskyldunni. Listi yfir framlag og verk eldri borgara hefur án efa lengst mikið í ljósi samfélagsbreytinga auk þess sem eldri borgarar njóta betri heilsu lengur ekki síst vegna framfara læknavísindanna. Til að halda uppi merkjum og heiðri eldri borgara og mikilvægri þátttöku þeirra í samfélaginu er tímabært að gefinn verði út bæklingur um framlag og þátttöku þeirra til reykvíssks samfélags.